

Hafnarsvæðið, breytt aðalskipulag og nýtt deiliskipulag.

1. Afmörkun skipulagssvæðis.

- Breytingin tekur til lóða og athafnasvæða, ekki til hafnarmannvirkja.
- Eldra deiliskipulagið fyrir hafnarsvæðið fellur út gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.
- Samhliða verður unnið rammaskipulag fyrir hafnarsvæðið sem tekur til stærra svæðis á norðurhluta hafnarsvæðisins, breyttra hafnarmannvirkja og bakland hafnarsvæðisins vestan við Þorlákshafnarveg. Rammaskipulagið lýsir stefnu sveitarfélagsins þegar horft er til framtíðar.

2. Helstu breytingar á aðalskipulagi.

- Uppfærsla á vegakerfinu s.s. stofnvegur að hafnar- og ferjusvæðinu.
- Vegakerfið á norðurhluta hafnarsvæðisins, þar skoðuð staðsetning á mislægum gatnamótum/undirgögn og þá tekin afstaða til hvort ný vegtenging við Þorlákshafnarveg verður í formi mislægra gatnamóta eða undirgögn.
- Breyting á hafnarmannvirkjum, landfyllingar og viðlegukantar í samræmi við skipulagshugmyndir.
- Staðsetning á stofnlögnum innan svæðisins, bæði sem kemur frá núverandi byggð og nýjum svæðum á norðurhluta hafnarsvæðisins.
- Gert verður ráð fyrir uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu innan hafnarsvæðisins.

3. Markmið deiliskipulagstillögu.

- Aðlaga hluta hafnarinnar að nýju hlutverki sem ferjuhöfn.
- Gera aðkomu að hafnarsvæðinu skilvirkari með t.d. undirgöngum/mislægum gatnamótum undir Þorlákshafnarveg.
- Skilgreina nýjar lóðir á norðurhluta hafnarsvæðisins, stærðir þeirra að þörfum viðskiptavina.
- Skapa aðstöðu á t.d. syðri hluta hafnarsvæðisins fyrir starfsemi tengda ferðaþjónustu (hótel- og veitingarekstur). Sunnan Suðurgarðs kemur fylling sem nýtist fyrir starfsemi hafnarinnar eða til byggingar á.
- Göngutengingar innan svæðisins skipulagðar til að tengja saman svæði og aðkomu að áhugaverðum stöðum.

4. Umferðarkerfi – vegir

- Bætt verður aðgengi að hafnarsvæðinu.
- Gert ráð fyrir mislægum gatnamótum eða undirgögnum við Þorlákshafnarveg. Endanleg staðsetningu verður skoðuð nánar.
- Aðaltening verður um Óseyrarbraut og Svartasker að ferjubryggjum. Skoðað er með krossgatnamót/hringtorg verða á gatnamótum að hafnarsvæðinu.
- Þjónustuvegur verður í boga austan hringtorg inn á hafnarsvæðið sem mun tengjast Svartaskeri.